

Sæll Guðbjörn.

Í tilefni af bréfi þínu, dags. 15. apríl sl., sem fylgdi sem viðhengi við tölvupóst þinn hér að neðan, vil ég taka fram eftirfarandi:

1. Eins og þú nefnir í bréfinu stýrði aðstoðarmaður dómara þinghaldi í bæði þau skipti sem um ræðir, í fyrra skiptið Þórhildur Líndal, en í síðara skiptið Valborg Steingrímsdóttir. Um störf aðstoðarmanna gilda ákvæði 17. gr. dómstólalaga nr. 15/1998, með síðari breytingum. **Báðir umræddir aðstoðarmenn hafa m.a. það hlutverk að stýra þinghaldi á reglulegu dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur. Heimild til þessa er að finna í 2. mgr. 17. gr. dómstólalaga, þar sem segir: "Dómstjóri getur falið aðstoðarmanni önnur dómstörf en þau að fara með og leysa að efni til úr hvers konar einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi,"** [...] Það er því misskilningur að aðeins héraðsdómari megi stýra þinghöldum við dóminn.

2. Rétt er hjá þér að samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, kemur fyrirvarsmaður ríkisstofnunar fram fyrir hönd stofnunarinnar. Í þessu tilviki mun Sigurður Erlingsson vera fyrirvarsmaður Íbúðalánasjóðs. Þetta merkir þó ekki að Sigurður þurfi að mæta í eigin persónu til þinghaldsins, heldur það eitt að stefna skuli honum sem fyrirvarsmanni, enda hafi "hann ákvörðunarvald um þá hagsmuni aðilans sem sakarefnið varðar", eins og segir í tilvitnuðu ákvæði. Af þingbók verður séð að Karl F. Jóhannsson hdl. hefur verið skráður sem lögmaður stefnda, Íbúðalánasjóðs. Stefndi hefur samkvæmt því falið þeim lögmanni að gæta hagsmuna sinna/stofnunarinnar í þessu máli, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998. Í 1. mgr. 21. gr. sömu laga segir síðan: "Nú sækir lögmaður eða fulltrúi hans dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans nema það gagnstæða sé sannað." Samkvæmt þessu er meginreglna sú að lögmaður sem mætir á dómþingi fyrir aðila er talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans. Þar sem ekkert bendir til þess að hið gagnstæða kunni að vera fyrir hendi, þ.e. að Karl F. Jóhannsson hdl. hafi ekki slíkt umboð, ber þér að færa sönnur á slíkt. Það er hins vegar ekki dómarsins, eða aðstoðarmannsins, að kalla eftir umboðinu, gefi ekkert tilefni til þess.

3. Í þingbók er skráð að við þingfestingu málsins hafi Tryggvi

Viggósson hdl. sótt þing í umrætt sinn fyrir Karl F. Jóhannsson hdl. Tryggvi Viggósson hdl. sækir þing fyrir fjölda lögmanna á hverju reglulegu þingi. Heimild til þessa er að finna í 2. málslíð 4. mgr. 21. gr. lögmanna laga, þar sem segir eftirfarandi: "Lögmáður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu." Samkvæmt þessu hefur Karl F. Jóhannsson hdl. ótvíræða heimild til að fela Tryggva Viggóssyni hdl. að sækja fyrir sig þing í umrætt sinn. Það er því rétt hjá aðstoðarmanni, eins og bókað hefur verið í þingbók, að framlagning umboðs sé ekki nauðsynlegt.

Ég vona að ofangreint svari erindi þínu, en ef eitthvað er enn óljóst mun ég fúslega reyna að svara spurningum þínum.

Þótt þú hafir sent afrit af erindinu til nokkurra aðila læt ég nægja að senda framkvæmdastjóra dómstólaráðs afrit af svarbréfi mínu.

Kveðja,

Ingimundur Einarsson dómstjóri.